

**Sýslumaður Vestfjarða**

**06 443**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

Sýslumaður Vestfjarða

kt. 411014-0100

Aðalstræti 92, 450 Patreksfjörður

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Aðalskrifstofan er á Patreksfirði, sýsluskrifstofa á Ísafirði og útibú á Hólmanvík. Auk almennra verkefna sér embættið um álagningu og að innheimta vanrækslugjald samkvæmt 46. gr. reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 258,5 milljónir og afkoma kr. 3,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 114,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Vestfjarða fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Jónas B. Guðmundsson  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	253.200.000	233.200.000
Seld þjónusta .....	3	1.450.646	2.302.587
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	2.808.883	3.650.815
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	115
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.014.624	961.363
<b>Tekjur samtals</b>		<b>258.474.153</b>	<b>240.114.880</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	200.626.189	184.712.375
Annar rekstrarkostnaður .....	6	53.684.400	44.352.102
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		39.062	7.912
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	1.014.624	961.363
<b>Gjöld samtals</b>		<b>255.364.275</b>	<b>230.033.752</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>3.109.878</b>	<b>10.081.128</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	8	4.359.124	3.192.039
Viðskiptakröfur .....		133.865	133.865
Tengdir aðilar .....	9	105.198.614	77.452.225
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	1.045.580	0
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	3.266.150	3.410.982
Óefnislegar eignir .....	12	329.220	442.094
<b>Eignir samtals</b>		<u>114.332.553</u>	<u>84.631.205</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	84.532.086	59.051.520
Viðskiptaskuldir .....		2.128.237	1.536.041
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	24.216.771	23.883.439
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	4.103.759	3.918.383
<b>Skuldir samtals</b>		<u>114.980.853</u>	<u>88.389.383</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		(648.300)	(3.758.178)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	15	(648.300)	(3.758.178)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(648.300)</u>	<u>(3.758.178)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>114.332.553</u>	<u>84.631.205</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		3.109.878	10.081.128
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	1.014.624	961.363
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.014.624)	(961.363)
		<u>3.109.878</u>	<u>10.081.128</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.045.580)	0
Tengdir aðilar .....		(1.822.741)	(7.440.391)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		925.528	(409.442)
		<u>(1.942.793)</u>	<u>(7.849.833)</u>
		<u>1.167.085</u>	<u>2.231.295</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(756.918)	(1.241.090)
		<u>(756.918)</u>	<u>(1.241.090)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	141.090
Fjárfestingarframlag .....		756.918	1.100.000
		<u>756.918</u>	<u>1.241.090</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		1.167.085	2.231.295
		<u>3.192.039</u>	<u>960.744</u>
		<u>4.359.124</u>	<u>3.192.039</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	227.200.000	1.200.000	228.400.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	11.000.000		11.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	15.000.000		15.000.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>253.200.000</b>	<b>1.200.000</b>	<b>254.400.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	(3.758.178)	65.307	(3.692.871)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>249.441.822</b>	<b>1.265.307</b>	<b>250.707.129</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(250.090.122)	(756.918)	(250.847.040)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(648.300)</b>	<b>508.389</b>	<b>(139.911)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Vaxtatekjur

Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádraginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	253.200.000	233.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.014.624	961.363
	<u>254.214.624</u>	<u>234.161.363</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	227.200.000	0	0	227.200.000
Launabætur .....	11.000.000	0	0	11.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	15.000.000	0	0	15.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>253.200.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>253.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrægnum sértekjum .	(250.090.122)	0	0	(250.090.122)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>3.109.878</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3.109.878</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	156.760	277.040
Ýmsar þjónustutekjur .....	275.471	1.319.347
Veitinga- og gistiþjónusta .....	1.018.415	706.200
	<u>1.450.646</u>	<u>2.302.587</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.700.692	2.473.506
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	1.108.191	1.049.424
Ýmsar tekjur .....	0	127.885
	<u>2.808.883</u>	<u>3.650.815</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	158.648.955	150.742.253
Orlof, breyting .....	(414.755)	(2.017.531)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	3.466.524	0
Launatengd gjöld .....	36.589.564	34.815.053
Starfsmannakostnaður .....	2.335.901	1.172.600
	<u>200.626.189</u>	<u>184.712.375</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	16,8	17,0

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.078.850	724.245
Byggingarvörur, almennar .....	0	10.075
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	14.275
Ýmis tæki og áhöld .....	243.064	332.989
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	5.084
Orkugjafar .....	1.884.724	1.522.522
Matvæli .....	2.741.798	2.573.136
Almennar rekstrarvörur .....	145.199	152.315
Vörukaup, almenn	6.093.635	5.334.641
Ýmsar sérgreindar vörur .....	1.735	0
Vörukaup, sérgreind	1.735	0
Fundir, námskeið, risna .....	780.181	396.725
Ferðir, upphald .....	575.759	566.496
Akstur .....	257.475	809.677
Sérfræðiþjónusta .....	4.330.017	2.621.076
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	519.717	285.486
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	860.019	379.814
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.662.716	1.391.500
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.985.884	6.450.774
Afnotagjöld .....	2.682.433	2.955.086
Leigugjöld .....	26.912.880	24.330.535
Verkkaup .....	3.912.579	4.122.130
Kostnaðarhlutdeild .....	5.186.396	4.372.176
Opinber gjöld .....	0	1.616
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	38.694.288	35.781.543
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(91.142)	(3.214.856)
Annar rekstrarkostnaður samtals	53.684.400	44.352.102
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	901.750	848.489
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	112.874	112.874
	1.014.624	961.363
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>8 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	(172.265)	42.861
Tékkareikningar .....	4.531.389	3.149.178
	4.359.124	3.192.039

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	105.198.614	77.452.225
	105.198.614	77.452.225

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	84.532.086	59.051.520
	84.532.086	59.051.520

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skattar .....	1.045.580	0
	1.045.580	0

### 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3.266.150	3.410.982
	3.266.150	3.410.982

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	11.433.542	11.433.542
Viðbætur á árinu .....	756.918	756.918
	12.190.460	12.190.460
Afskriftir 01.01.2023 .....	8.022.560	8.022.560
Afskrift ársins .....	901.750	901.750
	8.924.310	8.924.310
Staða 31.12.2023 .....	3.266.150	3.266.150

**31.12.2023**                      **31.12.2022**

### 12 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir .....	329.220	442.094
--------------------------	---------	---------

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:

Stofnverð 01.01.2023 .....		Hugbúnaður 564.373
Viðbætur á árinu .....		0
		564.373

Niðurfært 01.01.2023 .....		122.279
Niðurfærsla ársins .....		112.874
		235.153
Staða 31.12.2023 .....		329.220

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	20.610.869	21.025.624
Önnur ógreidd gjöld .....	3.605.902	2.857.815
	24.216.771	23.883.439

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	3.595.370	3.853.076
Önotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	508.389	65.307
	4.103.759	3.918.383

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	3.853.076	65.307	3.918.383
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.200.000	1.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	756.918	(756.918)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.014.624)	0	(1.014.624)
	3.595.370	508.389	4.103.759

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 1 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(3.758.178)	(13.839.306)
Afkoma ársins .....	3.109.878	10.081.128
Jöfnuður 31.12. ....	(648.300)	(3.758.178)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samninga um húsnæði og um rekstur sameignar. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 26,9 milljónum og reksturs sameignar kr. 3,5 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.